

2. fundur Atvinnu-, menningar- og ferðamálanefndar Langanesbyggðar haldinn í Menntasetrinu á Þórshöfn fimmtudaginn 23. október og hófst kl 18:00

Mættir eru: Gréta Bergrún Jóhannesdóttir, Stefán Benjamínsson, Björn Guðmundur Björnsson, Vilborg Stefánsdóttir og Þorsteinn Vilberg Þórisson.

- 1) **Kosning varaformans.** Þorsteinn Vilberg kosinn með þremur atkvæðum, Vilborg fékk tvö.
- 2) **Umræður um könnun á vegum nefndarinnar** – búið að móta spurningar og umræður um hvaða upplýsingar við viljum ná fram, spurningar um atvinnumál, ferðamál og Káta daga. Þarf að setja upp í netkönnun.
- 3) **Ferðaskrifstofur** – er hægt að bjóða þeim hingað og kynna svæðið. Nokkrar umræður um hvernig kynna megi svæðið betur og hvernig það sé hægt að framkvæmda. Formanni falið að ræða við markaðsstofu Norðurlands og kynna sér málið. Ákveðið að bjóða ferðaskrifstofun hingað í vetur og leita þar samstarfs við Norðurhjara og Markaðsstofu Norðurlands. Athuga með að bjóða Norðurhjara með kynningu á næsta fund.
- 4) **DAI – kort** sem tekið var fyrir af sveitarstjórn án umfjöllunar nefndarinnar -nefndin mælist til að sveitarstjórn leggi mál sem þetta til álitsgjafar hjá nefndinni.
- 5) **Umræður um AVS- sjóð – hugmyndaleit**, formaður leitar eftir hugmyndum nefndarmanna og ýmsar gagnlegar umræður áttu sér stað. Einnig umræður um NPA-sjóð – þar er t.d. hægt að sækja um verkefni er snúa að orku og orkuöryggi.

Fleira ekki rætt

Fundargerð upplesin og samþykkt

Fundi slitið 19:35